- Finnst of oft sem merkingar séu ekki settar upp nógu skilmerkilega og þannig að hægt sé að lenda í töfum þar sem skilaboðin voru að koma of seint. Einnig mætti vera hreinlega hraðamyndavélar þar sem bundið slitlag er lagt. Bílar mínir hafa skemmst bara vegna þess að ökumenn úr gagnstæðri átt hafa keyrt of hratt. Þessi ökumenn hefðu verið myndaðir og þá um leið væri leið fyrir mig og aðra ökumenn sem lenda í þessu að gera kröfu á þessa ökumenn. Held að það fái fólk til að hugsa ef það á bæði hættu á því að fá sekt og tjónskröfu.
- Fylgja strangari ferlum um aðgerðir, eftirlit og úrbætur.
- Fylgjast betur með þjóðvegum eins og malarvegum sem eru stundum ófærir vikum saman.
- Góð menntun og fagleg vinnubrögð við ráðningar.
- Gæta þess að efni sem notað er í bundið slitlag eða malbik sé ekki ódýrt drasl sem endist ekki neitt.
- Hafa alvöru upplýsingar fyrir alla.

## 18. Hvernig væri hægt að auka fagmennsku Vegagerðarinnar?

**Í meðallagi - frh.**

- Hafa fólk með viðeigandi menntun í störfum hjá Vegagerðinni og eins að leita eftir og fara eftir ábendingum hjá þeim sem þekkja vel til staða þar sem veglagning fer fram.
- Hafa meira samráð við ábúendur úti á landi þegar verið er að skipuleggja verk.
- Hef ekki svar.
- Hefla betur malarvegi og bera ofaní í stað þess að skafa inn gróft efni úr köntum.
- Held að Vegagerðin þurfi meiri pening til að geta betur.
- Held þetta snúist meira um að fá fjármagn í framkvæmdir frekar en kenna Vegagerðinni um ófagmennsku.
- Hlusta betur á fólkið sem þekkir aðstæður vel.
- Hlusta betur á raddir heimamanna á hverjum stað.
- Hraða framkvæmdum.
- Hún ætti að blanda sér minna í umræðu um umdeild pólitísk mál. Hún á að tryggja að til staðar séu valkostir sem kjörnir fulltrúar geta tekið afstöðu til og rætt.
- Hún fengi meira fjármagn.
- Jafnvel betri efnum á vegina og betur á sérfræðinga.
- Kynna sér fyrirmyndir í löndum sem bera af í vega- og umferðarmálum og tileinka sér best practice.
- Laga vegi út á landi og gera gangstíga með fram Mývatni.
- Liklega meiri peningar til framkvæmda.
- Læra af reynslunni, halda sér við þær aðferðir sem reynast bestar.
- Með auknum fjárframlögum og meiri innfluttningi á berandi efni í slitlög. Eins að undirbygging vega verði á pari við það sem gerist t.d. í Svíþjóð. Þar er ekkert efni sett í undirbyggingu vega nema það sé vandlega valið hvað varðar stærð steina o.s.frv. Drendúkur er settur neðst til að sporna við varnasöfnun í vegastæðum.
- Með auknum fjárframlögun.
- Með góðu upplýsingaflæði og klára vegi sem byrjað er á. Taka þá vegi sem mest þarf á að halda samkvæmt faglegu mati fyrst og láta ekki þrýstihópa og pólitíkusa hafa áhrif.
- Með langtímaáætlun og framtíðarsýn.
- Með meiri fjárframlögum.
- Með meiri peningum.
- Með peningum í málaflokkinn.

**Í meðallagi - frh.**

- Með skipulagðari dreifingu á verkum og fé.
- Með sókn í aukið fjármagn sem hamlar rekstri. Yfirmenn og stjórn verða að standa fyrir sínu.
- Með því að auka fé til vegamála.
- Með því að laga vegi innanbæjar, t.d. á Akranesi.
- Með því að nota betra efni í vegina og styrkja þá betur en gert er vegna þungaflutninga.
- Með því að nota rétt efni sem endast.
- Með því að sinna því sem þeir eiga að sinna. Girðingum við þjóðveg.
- Með því að sækja kunnáttu erlendis frá og vera ekki alltaf að finna upp hjólið.
- Með því að vanda til verka og vera ekki að nota handónýtt efni á vegi landsins. Gætu allt eins farið að malbika með kornflexi þessir fávitar..
- Með því að vera ekki að finna upp hjólið það er hægt að læra af því sem gert er erlendis t.d í Þýskalandi.
- Með því að vinna vinnuna sína, sjá um vegina og bregðast skjótt við þegar þess þarf en Háaleitisbraution var til dæmis frekar illa farin lengi.
- Meira fjármagn.
- Meira fjármagn.
- Meira gagnsæi. Vera í fararbroddi fyrir nýjungar.
- Meiri kunnáttu.
- Meiri menntun, meiri fræðsla.
- Meiri pening og framkvæmdir.
- Merkingar allskonar.
- Minnka umsvif Vegagerðarinnar, hafa meiri einkarekstur í vegagerð.
- Nota nýjustu tæki.
- Nýta betur staðbundna þekkingu heimamanna í dreifbýli.
- Ráða til starfa fólk sem hefur sérhæft sig í þeim störfum sem fyrir liggja.
- Skipta útboðum meira niður eftir svæðum svo smærri verktakar eigi möguleika á að bjóða í verk, en ekki þurfa að stóla á að stærri verktakar ráði þá sem undirverktaka. Þannig tel ég að svæðum yrði enn betur sinnt.
- Snýst meira um fjármagn.
- Stofnunin mætti huga meira að öllum samgöngumátum, ekki bara bílaumferð, sérstaklega á þjóðvegum í þéttbýli.
- Sum gagna Vegagerðarinnar eru gömul (sbr. ALVERK '95). Sjálfdæmi hönnuða er of mikið, mætti vera meira samræmi á milli hönnuða.

## 18. Hvernig væri hægt að auka fagmennsku Vegagerðarinnar?

**Í meðallagi - frh.**

- Sýna hana í verki.
- Tala við fólk sem notar vegi og ferjurnar.
- Upplýsingaþjónustu.
- Vegagerðin er eins og lokaður klúbbur.
- Vegagerðin er í fjársvelti það þarf að laga.
- Vegagerðin getur ekkert gert vegna ónógrar fjárveitingar.
- Veit ekki neitt um fagmennsku Vegagerðarinnar en mér finnst hún mætti fá meira fjármagn til að breikka Þjóðveg 1.
- Veit ekki. Held að þeim sé þröngur stakkur skorinn fjárhagslega.
- Veit það ekki.
- Veit það ekki.
- Vera opnir fyrir góðum lausnum bæði innanlands og erlendis og kynna sér hvaða efni eru notuð við vegalagningu erlendis, sem standa betur af sér frost og snjó en vegir hér.
- Það þarf að auka fjármagn til vegagerðar og einning þarf að horfa til nútímalegri vinnubragða með bundið slitlag. Fara að malbika vegi.
- Þetta er spurning um peninga.

**Fremur sýnileg**

- Veit ekki (14 nefndu það).
- Að mínu mati er fagmennska góð hjá Vegagerðinni, vel menntað starfsfólk. Peningar sem Vegagerðinni er úthlutað ráða mestu að mínu mati um hversu hratt er hægt að framkvæma.
- Að þeir fengu meira fé í málaflokkinn.
- Allt kostar.
- Auka fjárveitingar til Vegagerðarinnar.
- Aukið fjámagn svo að Vegagerðin geti sinnt hlutverki sínu sómasamlega.
- Auknar fjárveitingar.
- Ausa meiri pening í þá.
- Betri og öruggari vegum.
- Betri stjórnun, færri verkfræðinga og nota meira ráð erlenda ráðgjafa.
- Bæta gæði malbiks og og öryggisaxlir á vegum.
- Bæta upplýsingar til ferðamnna á erlendum tungumálum.
- Efla upplýsingagjöf t.d. á svæðum þar sem unnið er að viðgerðum á. Taka á móti ábendingum frá vegfarendum með skipulögðum og aðgengilegum hætti.
- Erfitt fyrir leikmann að hafa skoðun á því.

**Fremur sýnileg - frh.**

- Ég hef fáar forsendur til að meta það. Ef Vegagerðin sá um umferðarkassana á Miklubrautinni, hleðslurnar í kjúklingavírnum, þá er það mikill skandall og ekki merki um fagmennsku. En það má vera að Vegagerðin hafi ekki haft með það verk að gera.
- Ég hef raunar ekki þekkingu til að svara þessari spurningu, en bendi á notkun Vegagerðarinnar á efni í bundnu slitlagi (svonefndar blæðingar).
- Fara að hugsa lengra í umferðaröryggi, breiðari vegir, skoða betur hámarkshraða m.v. umferð á ákveðnum vegköflum o.s.frv.
- Fjármagn.
- Forgangsröðun verkefna og skilvísari skilaboð hvað er nú verið að gera og hvað er næst. Held að fólk haldi almennt að verkþættir séu í óreiðu.
- Gefa þeim meira fjármagn.
- Gera við litlar skemmdir ekki afsaka sig með því að það eigi að gera eitthvað mikið í nánustu framtið.
- Geri ráð fyrir að fagmennskan sé í lagi, væntanlega snýst vandamál vega á Íslandi um skort á fjármagni.
- Hafa leiðamerkingar betri, og einnig merkingar þar sem eru framkvæmdir, sérstaklega í þéttbýli, þar sem oft sést ekki að vegur/gata sé lokuð fyrr en komið er að vinnusvæðinu.
- Hef ekki forsendur til að svara.
- Hef ekki hugmynd.
- Hef ekki skoðun á því.
- Hef ekki skoðun á því.
- Hef ekki þekkingu á því.
- Hef stundum ekki skilið snjómokstur. Verið er að keyra á snjóbílum án þess að nokkur snjór sé á vegunum.
- Helst til betri merkingar.
- Hún er fremur mikil.
- Hún þarf að aðlaga starf sitt betur þeim raunveruleika að erlendir ferðamenn í umferðinni eru orðnir mjög margir og þjóðernin fjölbreyttari. Merkingar þurfa að taka mið af því og vera helst alþjóðlega myndrænar (ekki séríslensk skilti sem eru auk þess alltof lítil og maður sér oft of seint). Það þarf að fækka einbreiðum brúm, fjölga útskotum (og merkingum um að það sé útskot framundan), auka vetrarþjónustu til svæða úti á landi, breikka vegi víða og aðlaga líka að hjólaumferð.
- Hætta að hlusta á sérhagsmuni og fara eftir umferð.

18. Hvernig væri hægt að auka fagmennsku Vegagerðarinnar?

**Fremur sýnileg - frh.**

- Meira upplýsingar og að flýta fyrir vegavinnu (t.d. vinna allan sólarhringinn þegar sum verkefni eru gerð).
- Meiri fjárveitingar og hlusta líka á fólk sem notar vegina mikið.
- Meiri peningar til vegamála.
- Meiri sýnileiki um ástæður ákvarðanatöku.
- Mætti vera framsýnni í framkvæmdum. Hætta þessum 1,5 akreinum og framkvæma alvöru brautir.
- Nýta fjölmiðlana vel. Þeir sem fá verk hjá VG verði að standa við þær öryggiskröfur sem settar eru upp annars sektir.
- Sinna verkefnum betur.
- Tala minna og framkvæma meira. Gera þrengingar í íbúðahverfi frekar en kodda. Lagfæra gangbrautir og merkja þær.
- Vanda sig meira ekki smáplástra hér og þar.
- Veit ekki, þekki ekki innviði stofnunarinnar.
- Veita henni fjármuni sem væru í samræmi við þau verk sem henni eru ætluð.
- Veita Vegagerðinni meira fjármagn.
- Veita þeim meira fjármagn.
- Vera sýnilegri.
- Vegagerðin er of þunglamalegt þegar kemur að verkefnum, of margar hendur sem þurfa að leiða verkefni.
- Væntanlega með auknu fjármagni og kröfum.
- Það er nú ekki mikið hægt að gera, ef fjárveitingar eru jafn litlar og þær eru. Fer a.m.k. tvisvar á ári kringum landið (á börn á Akureyri og Egilsstöðum) og þetta gengur allt svo sorglega hægt. Heimsæki Vestfirðina reglulega og þar eru vegirnir verri en á Austfjörðum, og er þá mikið sagt. Segi ekki meir.
- Þeir kunna vel til verka. Vantar bara fjármagn til að gera það sem gera þarf.

maskína

## 19. Hversu framsýna telur þú Vegagerðina vera?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Mjög framsýna (5) | 29 | 3,4% |
| Fremur framsýna (4) | 151 | 17,8% |
| Í meðallagi framsýna (3) | 448 | 52,7% |
| Ekki framsýna (2) | 163 | 19,1% |
| Alls ekki framsýna (1) | 60 | 7,0% |
| Samtals | 850 | 100,0% |




| | |
|---|---|
| Meðaltal: | 2,91 |
| Vikmörk (±): | 0,06 |
| Staðalfrávik: | 0,88 |




VEGAGERÐIN

19. Hversu framsýna telur þú Vegagerðina vera?



19. Hversu framsýna telur þú Vegagerðina vera?



maskína

## 19. Hversu framsýna telur þú Vegagerðina vera?




VEGAGERÐIN

## 20. Hverju þyrfti Vegagerðin að breyta til að verða framsýnni?

**Þeir sem sögðu Vegagerðina vera alls ekki framsýna, ekki framsýna, í meðallagi framsýna og fremur framsýna (sp. 19) fengu þessa spurningu.**

### Alls ekki framsýna

- Að fylgja reynsu annara í vegagerð og hætta að eyða peningum að finna upp hjólið.
- Auka tvöföldun vega.
- Betra viðhald á vegum innanbæja.
- Breikka vegi og nota dýrara og betra efni. Fjölga starfsfólki.
- Breikkun vega og brúa.
- Bæta vegakerfið í samræmi við aukna umferð vegna erlendra ferðamanna.
- Ekki leysa vanamálið eins og það lítur út í dag. Hugsa til framtíðar.
- Endurnýja staffið og ráða víðsýnt og öflugt fólk.
- Fara í jarðgangagerð á Austurlandi.
- Fá meira fjármagn til að gera endingarbetri vegi. Fleiri tvíbreiða vegi í báðar áttir, t.d. alveg að Selfossi og Reykjanesbæ.
- Fleiri fagmenntaða stjórnendur og færri verkfræðinga. Taka á móti og hlusta á ábendingar frá vegfarendum.
- Gera betur.
- Gjörbreyta apparatinu og auka fjárveitingar til þeirra.
- Hanna umferðarmannvirki með tilliti til framtíðar, svo sem mislæg gatnamót og brýr sem verið að að endurbyggja.
- Hlusta.
- Horfa til framtíðar.
- Hugsa lengra fram í tímann með breytingar. Hugsa vel allar framkvæmdir og ræða jafnvel við íbúa sem þekkja betur til en þeir til að vita hvað hentar.
- Hætta gamaldags pípudraumum um mislæg gatnamót.
- Keyra um vegi og gatnamót á litlum bílum.
- Leggja mikið meira upp úr umhverfismálum og hætta að hugsa í skammtímalausnum.
- Mörgu.
- Nenni ekki að telja það upp.
- Nota staðlað malbik sem endist við íslenskar aðstæður, eins og það sem var sett í Hvalfjarðargöngin fyrst.
- Nýtt fólk.
- Reyna að hafa vegi beina og stytta leiðir, en ekki hafa vegina í essum.
- Senda menn að læra í útlöndum. Það þarf að búa til plan og vinna svo eftir því... Á meðan eru einhverjir aðrir að búa til nýtt plan fyrir framtíðina, en þegar búið er að gera planið er unnið eftir því og ekki barmað sé svona mikið yfir því.

### Alls ekki framsýna - frh.

- Skilja það að vegir eru fyrir fleiri en bifreiðar. Veit þó ekki hvort þessari stofnun sé viðbjargandi.
- Stofnunin þarf að huga að framtíð allra samgangna og hafa til hliðsjónar fleiri samgöngumáta en bara einkabíla.
- Vegagerðin virðist lítt meðvituð um umhverfismál. Hún gæti verið lykilaðili til að tryggja sátt um umhverfismál og stuðla að orkuskiptum í samgöngum. Þess í stað stendur hún fyrir mjög gamalsdags áherslur sem miða fyrst og fremst að því að auka umferð.
- Vinnnubrögðum.
- Það borgar sig til framtíðar að gera vegi örugga og sparar þjóðarbúinu umtalsverða peninga. Örkuml eftir óhöpp er ekki hægt að laga.
- Öllu.

### Ekki framsýna

- Að gera ráð fyrir að umferð aukist með batnandi vegum.
- Að starfsmenn byggju fyrir utan Reykjavík. Það er að segja topparnir.
- Auka fjármagn sitt og hafa tök á því að eyða stærri fjárhæðum í langtímabreytingar sem auka öryggi fólks á ferðinni. Breikka vegi, eyða einbreiðum brúm, taka vestfirðina í nefið.
- Breikka vegi.
- Breyta hugsunarhætti. Nú er árið 2018 og þeir þurfa að vera í takt við það. T.d. vera búnir að merkja þjóðveg 1 á vorin, merkja það það má ekki stoppa hvar sem er og taka á bílastæðum sem fólk býr til sjálft.
- Byggja tollskýli á vegum þar sem sjóðurinn sem myndi myndast færi í rannsóknir á umhverfismálum eða jafnvel uppgræðslu skógar á Íslandi.
- Byggja vegina varanlega, ekki til bráðabyrgða til að mæta umferð dagsins.
- Eins og áður, byrja hreinsa út setuliðið og smákónga. Þá kemur hitt að sjálfu sér.
- Endurskoða vegakerfið og vaða í breytingar í staðinn fyrir að bara laga vegina sem fyrir eru.
- Ég tel mig ekki dómbæra á það en oft heyri ég að fólk í nágrenni við framkvæmdir er ekki sátt.
- Fá meiri peninga.
- Fá meiri peninga frá ríkinu.
- Fá þann pening sem eru í raun er eyrnamerktur Vegagerðinni en Alþingi notar í annað.
- Finnst hún alltaf vera skrefinu á eftir.

## 20. Hverju þyrfti Vegagerðin að breyta til að verð a framsýnni?

**Ekki framsýna - frh.**

- Fylgjast betur með hverju er ábótavant og taka mark á heimafólki sem þekkir aðsæður í bæði góðu og vondu veðri þegar tekin er ákvörðun um hvar vegir skulu lagðir.
- Gera áætlanir ogframkvæma út frá því hvað umferðin er orðin gífurlega mikil um þjóðvegi landsins, ekki síst Suðurlandið, með mikillu aukningu erlendra ferðamanna.
- Gera áætlanir til lengri tíma og tryggja að efni sem er notað við viðhald sé nægjanlega gott til að endast. Frá sjónarhóli almennsneytanda þá upplifi ég starfsemi Vegagerðarinnar í formi plástra, alltaf verið að bregðast við eftir á vegna atvika sem hafa gerst, aldrei forvirkar breytingar.
- Gera áætlanir um frekari framkvæmdir og koma upp veggjöld á fleiri stöðum.
- Gera vegi betri, laga betur slitlag og hafa vegi öruggari sérstaklega á þeim vegum sem mikið eru eknir af erlendum ferðamönnum sem ekki átta sig á að þetta er þjóðvegur en ekki sveitavegur. Og hafa fært á veturnar allan hringinn alla daga.
- Halda boltanum á lofti að vegir landsins séu lífæð og Vegagerðin þarf meiri fjárlög í sín verkefni, er nógu vel horft til framtíðar þar?
- Hanna veglínur betur.
- Hef ekki næga þekkingu til að geta nefnt eitthvað ákveðið.
- Hlusta.
- Hlusta á staðkunnugt fólk áður en framkvæmt er.
- Hlusta t.d. betur á það sem heimamenn á hverjum stað hafa fram að færa varðandi staðsetningu vega.
- Horfa fram fyrir nefið á sér.
- Horfa lengra fram í tímann en nokkur ár þannig væri hægt að spara meiri pening t.d. með því að klára að koma bundnu slitlagi á þjóðvegi í staðinn fyrir að henda miklu meiri peningum í að hefla þá ár eftir ár eftir ár.
- Huga betur að gangandi og hjólandi vegfarendum meðfram vegum.
- Huga betur að vegum landsins svo þeir endist í einhver ár ekki einhverja mánuði.
- Hugarfari.
- Hugarfari en sennilega vantar pening.
- Hugsa lengra fram í tímann.
- Hugsa lengra fram í tímann. Hætta 1,5 akreinum. Fleiri mislæg gatnamót. Fleiri hringtorg. FÆRRI ljós.
- Hugsa meira um það það hvernig umferðin verður ekki bara framkvæma 10 ár fram í tímann.

**Ekki framsýna - frh.**

- Hugsa vegina lengur fram í tímann, þ.e. að undibúningur undir vegagerð taki mið af því að seinna verði vegur tvöfaldaður eða að brýr verði tvöfaldaðar.
- Hætta að leggja ónýtt slitlag sem þarf strax að laga. Einnig að hætta að leggja slitlag sem blæðir úr ef hitinn fer yfir 8 gráður. Í Índiana og Illanois í Bandaríkjunum tekst þeim að leggja ottódekk sem blæðir ekki úr þó hitinn fari yfir 30 gráður.
- Koma með meira að tillögum um hvað mætti betur fara og standa á því.
- Koma með og upplýsa um allar ákvarðantökur, langtíma plön etc.
- Klára framkvæmdir, hætta þessum smáspottum.
- Líklega þarf hún meiri peninga til að geta gert áætlanir um viðhald og viðgerðir sem og nýframkvæmdir.
- Líta til Færeyja.
- Líta til lengri tíma og hætta reddingum þegar allt er komið í óefni.
- Markvissari í framkvæmdum.
- Meira fjármagn til framkvæmda.
- Miða ekki vegaframkvæmdir við status quo heldur hugsa fram í tímann.
- Minna um mislæg gatnamót og breiða vegi í miðri borg.
- Nýtt fólk.
- Nota betri efni.
- Nota betri tækni við viðhald.
- Ný vinnubrögð. Ekki stjórnast af pólitískri fyrirgreiðslu.
- Setja alvöru slitlag. Ekki láta bíla keyra niður einhverja olíumöl og sáldra yfir lausamöl sem er tímaskekkja.
- Skipulag.
- Starfsmenn þurfa að hlusta á gagnrýni.
- Sterk og framsækin stefnumótun.
- Stjórnvöld þyrftu að breyta og láta bifreiðagjöldin ganga til Vegagerðarinnar. Skortur á viðhaldi kostar óhemju mikið sé litið til lengri tíma.
- Sundabraut.
- Sýna fram á nýjunga sem endast og spara þannig pening.
- T.d. að gera ekki sömu skammtímaviðgerðirnar á ári hverju. Það hlýtur að borga sig að laga hlutina varanlega.
- Taka fyrir slysastaði og lagfæra.
- Taka hjólreiðar með.

## 20. Hverju þyrfti Vegagerðin að breyta til að verð a framsýnni?

**Ekki framsýna - frh.**

- Vegagerðin hefur yfirleitt komið á eftir lagakröfum, t.d. með einbreiðar brýr, einbreið jarðgöng, mjóa vegi og sjaldan komið með vegrið fyrr en eftir slys.
- Veit ekki.
- Veit það ekki, en til að breyta einhverju til batnaður þarf yfirleitt að breyta um stjórn.
- Vera búinn að malbika allan hringin, hafa engar einbreiðar brýr á þjóðvegi, og ekki vera með þetta endalausa karp og þras við sveitastjórnir. Sennilega væri best að reka alla smákóngana þarna innanhúss og endurnýja með deildarstjórnum úr öðrum deildum innan Vegagerðarinnar.
- Vera fremur forvirk heldur en að vera oftast að bregðast við löngu fyrirséðum vandamálum samanber banaslys á Sólheimasandi v/skorts á bílastæðum. Það þarf oftar en ekki alvarleg slys svo bætt sé úr vanköntum. Það er slæmt. Fjárskortur er ekki alltaf skýring.
- Vera sjálfstæðari.
- Vera sýnilegri.
- Væntanlega fá meiri pening... of mikil viðbragðaáætlun í gangi.
- Það vantar fjármuni til hennar. Peninga sem almenningur hefur löngu greitt með ýmsum sköttum og veggjöldum.
- Það þarf að stokka verulega upp í þessari stofnun.
- Það þarf að velja hverskonar samgöngur eiga að vera á Íslandi.
- Þegar horft er til aukningar á vegum landsins er nokkuð ljóst að gera þarf veruleg breytingu á stórum hluta þjóðvegar 1.

**Í meðallagi framsýna**

- Veit ekki (16 nefndu þetta).
- Aðallega þyrfti hún að hafa meiri fjármuni til að spila úr.
- Aðeins að horfa til framtíðar, en þá vantar fjármagn því ekki er hægt að viðhalda vegakerfinu vegna fjárskorts og þá eru peningar til annara verkefna örugglega af skornum skammti líka.
- Aukið fjármagn.
- Aukið fjármagn, betri áætlanagerð og láta fagmennsku ráða en ekki hrossakaup samgöngunefndar Alþingis.
- Auknar fjárveitingar.
- Bregðast við vitlausum ferðamönnum og Íslendingum í kappakstri.
- Breikka vegi og malbika.

**Í meðallagi framsýna - frh.**

- Breikka vegina.
- Búa til slitlög sem endast lengur en 2-3 ár.
- Bæta vegakerfið.
- Bæta vegi sem ekki eru með bundið slitlag.
- Bættar samgöngur.
- Efnin sem notuð eru í slitlagi eru vægast sagt léleg. Væri ekki hægt að prófa á sama vegakafla mismunandi efni til að sjá samanburðinn? Sá mynd um plastefni (endurunnið) sem sett var í götur með malbikinu og það hafði gríðarleg áhrif á endingu sem var mun meiri.
- Ekki hugmynd.
- Engin þörf á því.
- Ég tel að Vegagerðin ætti að horfa t.d. til Noregs í brúargerð (Teigsskógar málið), veit reyndar að mikið er horft til Noregs varðandi vegagerð.
- Ég vil kenna stjórnvöldum um hvernig Vegagerðin vinnur.
- Fá aðstoð við stefnumótun.
- Fá aukið fjármagn til framkvæmda.
- Fá meira fjármagn.
- Fá meira fjármagn.
- Fá meira fjármagn.
- Fá meira fjármagn.
- Fá meiri peninga.
- Fá meiri peninga.
- Fjármagn.
- Fleiri göng.
- Framkvæma mun meira.
- Fækkun einbreiða brúa.
- Gera hlutina vel. Hljóta mega fara fram úr fjárhagsáætlun til að gera betur ekki fara í að mjókka vegi sem er búið að gera af því þeir tíma ekki að malbika. Hætta þessum tvíverknaði það er heimska.
- Gera nokkurra áætlun fram í tíman.
- Gera þarf ráð fyrir fjölbreyttum ferðamátum og ekki reikna með að umferð vaxi endalaust - við þurfum að passa að það gerist ekki. Hafa verður náttúruna og minni mengun í huga og ekki láta bíla ráða förinni. Það er ekki sjálfgefið að við getum alltaf farið allt sem við viljum þegar við viljum eins og við viljum. Það er fjandsamlegt náttúrunni.

## 20. Hverju þyrfti Vegagerðin að breyta til að verð a framsýnni?

**Í meðallagi framsýna - frh.**
- Getur hún breytt einhverju með það fjármagn sem hún fær úthlutað?
- Hafa lengri vegaáætlun annars þarf Vegagerðin mikið meira fjármagn þannig að allt snýr þetta að hvað Vegagerðin fær mikin aur.
- Hafa meira fjármagn.
- Hafa traustari fjárhagsupplýsingar til framtíðar.
- Hef ekki svar.
- Hlusta og taka tillit til aðstæðna.
- Horfa á heildina og til framtíðar þegar nýir vegir eru lagðir og einnig að fylgja því skipulagi sem áður hefur verið ákveðið þegar laga á bráðabirgða vegi til endanlegs horfs.
- Horfa til annarra landa í uppbyggingu vegamannvirkja.
- Hugsa fram í tímann. Gera almennilega það sem er gert til að þurfa ekki að gera aftur. Eins og að gera 2+2 á milli Reykjavíkur og Selfoss en ekki 2+ 1 þar sem umferðaþunginn á þessu svæði er allt of mikill. Þetta er bara bull og vitleysa frá upphafi til enda.
- Hugsa stærra og lengra..
- Hugsa útfyrir suðvesturhornið.
- Hvernig í ósköpunum ætti ég að vita það?
- Hætta að láta fagursjónarmið ráða för. Venjuleg stílhrein göng eru alveg eins góð og a.m.k. helmingi ódýrari.
- Í raun er lítið sem þeir geta gert annað en að biðja stjórnvöld að fara hraðar yfir tillögur Vegagerðarinnar.
- Kaupa inn betra slitlag sem endist lengur því sparnaður við innkaup er ekki endilega nettó sparnaður á viðhaldi vega.
- Klára Landeyjahöfn væri ágæt byrjun.
- Langtímaplön með dagsetningum og standa við þau.
- Leggja drög að framtíðinni, fleir göng og meiri framkvæmdir. Fjármagn til vegagerðar getur aldrei verið of mikið. Samfélagið okkar byggist á samskiptum, ekki bara í gegnum síma og internet, heldur maður á mann sem kallar á ferðalög og flutning milli landshluta.
- Leita til erlendra sérfræðinga.
- Líklega aukið fjármagn.
- Markmiðssetning á stórum framkvæmdum/nýjum fram í tímann.
- Með aukinni tileinkum á tækniframförum.
- Með betri heimasíðu, auglýsa sig betur á vegum úti. Kynna mun betur fræmkvæmdir. Hlusta á fólk á landsbyggðinni.
- Með stefnumótun og framtíðarsýn.

**Í meðallagi framsýna - frh.**
- Með því að auka fjármagn.
- Með því að fá meiri peninga og alla peninga sem hún á að fá.
- Með því að gera betur í lagningu vega og nota það sem hefur reynst best í bundið slitlag.
- Meira fjármagn.
- Meira fjármagn.
- Meira fjármagn.
- Meira fjármagn og stjórnun.
- Meiri framkvæmdir.
- Meiri peningar.
- Minnka umsvif sín verulega.
- Reyna að taka á t.d. umferðarteppum áður en þær verða að raunveruleika.
- Sennilega peningaleysi sem haftar Vegagerðinni að gera framtíðarsýn.
- Setja sér raunhæf markmið og ekki láta hreppapólitík hlaupa með sig fram og til baka.
- Sjálfsagt er þetta allt bundið ráðuneytinu en það þarf að huga betur að framtíð þjóðvegar 1 og hvernig hann á að virka.
- Skoða hvernig hlutirnir eru gerðir í öðrum löndum.
- Spurning að hugsa til hjólreiðamanna þegar nýir vegir eru byggðir.
- Sýna rökstudda framkvæmda áætlun studda af öllum þingflokkum.
- Sækja þekkingu út fyrir stofnunina.
- Taka betur til við vegaframkvæmdir, auka útskotun við þjóðvegi landsins.
- Vantar meira fjármagn.
- Veit ekkert um hvort hún er framsýn eða ekki. Stærri framkvæmdir ráðast í pólitíkinni.
- Vinnnubrögðum.
- Það er ódýrara að setja bundið slitlag EINBREITT í stað þess að hefla aftur og aftur sama veg. Einbreitt bundið slitlag hefur marga kosti í sveitum landsins.
- Það þarf að fullvinna þau verkefni sem eru alkallandi, og ég reikna með að ef Vegagerðin fengi að ráða meiru með fjármagn að þá mundi vera meiri framsýni.
- Það þarf að huga sveitarvegum og gera þá betri, sérstaklega á suðurlandi.
- Þeir fengu meira fé til framkvæmda.
- Þor og pening.
- Þurfa meira fé til vegagerðar og fara vel með skattpening almennings.
- Þyrfti meiri peninga.
- Þyrfti örugglega að leggja meira fjármagn til Vegagerðarinnar.

## 20. Hverju þyrfti Vegagerðin að breyta til að verð a framsýnni?

### Fremur framsýna

- Veit ekki (6 nefndu þetta).
- Að hafa stöðugar framkvæmdir í litlu mæli, nú er verið að gera við svo mikið í einu að það getur truflað umferð og aksturslag. Þæginlegra er að dreifa þessu yfir tíma.
- Aftur held ég að þetta snúist ansi mikið um fjárveitingar.
- Auka fjármagn.
- Auka fjárveitingar til Vegagerðarinnar. Ekki gera 2+1 veg vegna fjárskorts núna bara til að eyða ennþá meiri pening í veginn eftir 10 ár.
- Aukið fjármagn.
- Ekki breyta heldur reyna að fá meira fjármagn og mannafla til að gera áreiðanlegri langtímaáætlanir.
- Er eflaust spurning um peninga en t.d. miðað við ferðamenn á hjólum yrði að gera vegi breiðari eða gera ráð fyrir hjólandi umferð um landið.
- Ég held að fjármagn til Vegagerðarinnar hafi mest um að segja hversu framsýn hún getur verið. Stjórnmálin marka finnst mér nánast stefnuna og lítið svigrúm fyrir stjórnendur Vegagerðarinnar að sýna frumkvæði eða geta gert það sem þeir vilja gera.
- Fá meiri pening.
- Fá að starfa sjálfstætt.
- Fá meira fjármagn.
- Fá meiri peninga.
- Fá peninga til að framkvæma það sem þeir þurfa - tíð ráðherraskipti og áherslubreytingar á þingi eru ekki að hjálpa.
- Fá sér almennilegan kíki.
- Fá stjórnvöld frekar í lið með sér og marka skýra framtíðarsýn sem farið er síðan eftir.
- Fjárlögum.
- Gera meiri kröfur til stjórnvalda. Hætta þessari verkfræðinganálgun. Vegagerðin á að krefjast peninga líkt og heilbrigðiskerfið gerir.
- Gera ráð fyrir fleiri bílum þegar verið er að gera vegi og brýr.
- Gera við holur það er eins og að taka til heima hjá sér það þarf ekki alltaf að mála. Þetta litla virðist ekki vera alveg á dagskrá.
- Hef ekki skoðun á því.
- Held að það sé í lagi. En peningana vantar.
- Hlusta betur á landsmenn þegar verið er að framkvæma... einfalda hverning hægt er að leggja inn athugasemdir... T.d. svæði á heimasíðu.

### Fremur framsýna - frh.

- Hún þarf meiri peninga.
- Líklega að hafa á að skipa fagfólki með úrvals þekkingu.
- Líklega þurfa þeir fyrst og fremst meiri fjármuni.
- Með því að nýta sér reynslu og þekkingu íbúa þar sem framkvæmdir standa til.
- Meira fjármagn.
- Meira fjármagn.
- Meira fjármagn til að hrinda framsýnum verkefnum í framkvæmd. Meira gagnsæi og upplýsingar um framtíðarsýnina. E.t.v. vantar langtímasýn, veit a.m.k. ekki hver hún er.
- Meiri pening til framkvæmda.
- Mín tilfinning er að hún sé ágætlega framsýn.
- Sterkara slitlag.
- Stundum þyrfti að taka meira tillit til umhverfismála en peninga.
- Taka á vegum innan þéttbýlis á Reykjavíkursvæði þar sem fjöldinn er.
- Tvíbreiður þjóðvegur 1.
- Vantar fé.
- Vegagerðin getur ekkert nema til komi fjármagn frá ríkinu. Þar vantar skilning.
- Vegagerðin stendur sig allvel í flestu sem hún gerir en almennt má segja að stjórnvöld verji allt of litlu fé til vegamála, og alls ekki öllum þeim tekjum sem umferðin greiðir.
- Vegagerðin þarf að fá þá fjármuni sem innheimtir eru af bíleigendum til bættrar umferðar. Ríkið stelur stórum hluta þess fjármagns sem eyrnarmerktur er vegamálum.
- Vegagerðin þarf ekki að breyta neinu hjá sér, Vegagerðina vantar bara meira fjármagn til að geta gert áætlanir fram í tímann.
- Þarf að fá meira fjármagn og geta stýrt og valið sínum verkefnum sjálf.
- Þekki ekki hvernig innviðir Vegagerðarinnar vinna en reikna með að margt byggist á fjármagni sem jafnvel er ekki fyrir hendi þannig að ekki er alfarið Vegagerðinni um að sakast!

## 21. Hefur þú orðið mikið eða lítið vör/var við áningarstaði sem komið hefur verið upp við þjóðvegi landins?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Mjög mikið (5) | 22 | 2,6% |
| Fremur mikið (4) | 164 | 19,1% |
| Í meðallagi (3) | 297 | 34,5% |
| Fremur lítið (2) | 238 | 27,7% |
| Mjög lítið (1) | 95 | 11,0% |
| Alls ekki (1) | 44 | 5,1% |
| Samtals | 860 | 100,0% |




| | |
|---|---|
| Meðaltal: | 2,64 |
| Vikmörk (±): | 0,07 |
| Staðalfrávik: | 1,04 |

21. Hefur þú orðið mikið eða lítið vör/var við áningarstaði sem komið hefur verið upp við þjóðvegi landins?




VEGAGERÐIN

21. Hefur þú orðið mikið eða lítið vör/var við áningarstaði sem komið hefur verið upp við þjóðvegi landins?



## 21. Hefur þú orðið mikið eða lítið vör/var við áningarstaði sem komið hefur verið upp við þjóðvegi landins?



## 22. Hefur þú nýtt þér þessa áningarstaði?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Já | 323 | 40,0% |
| Nei | 485 | 60,0% |
| Samtals | 809 | 100,0% |




Þeir sem hafa orðið varir við áningarstaði (sp. 21) fengu þessa spurningu.

## 22. Hefur þú nýtt þér þessa áningarstaði?



maskína

## 22. Hefur þú nýtt þér þessa áningarstaði?




VEGAGERÐIN

22. Hefur þú nýtt þér þessa áningarstaði?



## 23. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með aðstöðuna sem boðið er uppá?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Mjög ánægð(ur) (5) | 35 | 5,4% |
| Fremur ánægð(ur) (4) | 200 | 31,0% |
| Í meðallagi (3) | 353 | 54,8% |
| Fremur óánægð(ur) (2) | 43 | 6,6% |
| Mjög óánægð(ur) (1) | 14 | 2,2% |
| Samtals | 644 | 100,0% |

Þeir sem hafa orðið varir við áningarstaði (sp. 21) fengu þessa spurningu.




| | |
|---|---|
| Meðaltal: | 3,31 |
| Vikmörk (±): | 0,06 |
| Staðalfrávik: | 0,75 |

## 23. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með aðstöðuna sem boðið er uppá?




VEGAGERÐIN

23. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með aðstöðuna sem boðið er uppá?



## 23. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með aðstöðuna sem boðið er uppá?

